



Hluthafafundur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Fundargerð

6. desember 2016 kl. 13:00 var haldinn hluthafafundur Atvest í Þróunarsetri Vestfjarða Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Mætt var fyrir 74,75% hlutfjár sem hér segir.

Nafn	Nafn þess sem mætti	Hluttur	
Anna Ólöf Guðmundsdóttir	Hún sjálf	8.100	0,09%
Byggðastofnun	Jón Páll Hreinsson	1.933.333	21,24%
Elías Oddsson	Hann sjálfur	10.000	0,11%
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Pétur Markan	3.000.000	32,96%
Guðrún Stella Gissurardóttir	Hún sjálf	5.000	0,05%
Gunnar Albert Arnórsson	Sigurborg Þorkelssdóttir	32.400	0,36%
Gunnlaugur Einarsson	Anna Ólöf Guðmundsdóttir	10.000	0,11%
Oddi hf.	Óðinn Gestsson	100.000	1,10%
Sigurborg Þorkelssdóttir	Hún sjálf	73.601	0,81%
At-konur	Anna Ólöf Guðmundsdóttir	1.148.667	12,62%
Verkís	Jóhann B Helgason	32.400	0,36%
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf	Óðinn Gestsson	450.000	4,94%
			74,75%

Fundinn sátu einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og Margrét Birkisdóttir, fyrir hönd starfsmanna félagsins.

Andrea Jónsdóttir stjórnarformaður setti fundinn og gerði tillögu að Jóni Páli Hreinssyni yri falinn fundarstjórn og Magneu Garðarsdóttur fundaritun. Engin mótframboð eða aðra uppástungur komu og tók Jón Páll við stjórnun fundarins.

Næst athugaði fundarstjóri með mætingu á fundinn og fundarboðun. Hvorutveggja var samkvæmt ákvæðum í samþykktum félagsins, en mætt var í upphafi fundar fyrir 74,75% af heildarhlutafé. Mat því fundarstjóri fundinn löglegan og bar þá ákvörðun undir fundarmenn. Var því ekki mótmælt.

Konf
MA



1. Tillaga um staðfestu ákvörðunar um kjörn stjórnar

Fundarstjóri las upp tillöguna og gaf orðið laust

„Hluthafafundur haldinn þann 6. desember 2016 hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf. kt 620597-2289, staðfestir ákvörðun aðalfundar félagsins þann 30. maí 2016, með meirihluta atkvæða. Var ákvörðunin staðfest vegna þess að ákvörðun aðalfundar hafði ekki verið tilkynntar til fyrirtækjaskrár innan lögboðins frests, eins og kveðið er á um 149. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og leiðréttá þurfti samþykktir í samræmi við athugasemdir fyrirtækjaskrár“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Aðalsteinn Óskarsson gerði grein fyrir tilefni tillögunnar, sem er að Fyrirtækjaskrá RSK sýnjaði tilkynningu félagsins um breytingar á stjórn þess að lokum aðalfundi 30. maí 2016. Rekja mætti málið lengra aftur til ársins 2014 en hann hefði ekki nákvæmar skýringar á því.

Sigurborg Þorkelsdóttir spurði út í hvort trassað hefði verið að tilkynna nöfn 2014-2015 stjórnar. Aðalsteinn Óskarsson ítrekar að hann hafi ekki nákvæmar skýringar á tilefni málsins.

Engin annar kvað sér hljóðs og var tillagan borin upp til atkvæða. Var hún samþykkt samhljóða.

2. Vestfjarðastofa.

Kynning á greinagerð starfshóp Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV). Starfshópurinn var skipaður af stjórn Atvinnuþróunarfélagsins á fundi hennar þann 7. október sl.

Í starfshópnum sitja Andrea K Jónsdóttir og Anna Lóa Guðmundsdóttir að hálfu Atvest. Pétur Markan og Sigurður Hreinsson að hálfu FV. Óðinn Gestsson sat síðustu tvo fundi starfshópsins í forföllum Önnu Lóu.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu starfshópsins um hugmyndir hennar um Vestfjarðastofu.

Vísað er í kynningu Aðalsteins í fylgiskjali

Að lokinni kynningu gaf fundarstjóri orðið laust.



Óðinn Gestsson óskaði eftir því að fært yrði til bókar að hann stæði ekki að framlagðri greinargerð og kynningu á henni.

Til máls tóku:

Jóhann B. Helgason, Pétur G. Markan, Óðinn Gestsson, Guðrún Stella Gissurardóttir Sigurborg Þorkelsdóttir, Elías Oddson, Jón Páll Hreinsson, Andrea Jónsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson

Miklar og kröftugar umræður áttu sér stað um kynningu Aðalsteins á greinargerð starfshópsins og voru skiptar skoðanir á innihaldi hennar. Umræðurnar fólu í sér umfjöllun um réttmæti þess og tilgang með því að stofna Vestfjarðastofu og hvaða áhrif það hefði á starfsemi Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og hluthafa þess.

Undir lok umræðnanna lagði Óðinn Gestsson fram eftirfarandi bókun fyrir hönd atvinnulífsins:

Undirritaður fulltrúi atvinnulífsins og annarra minni hluthafa í stjórn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarð lýsir yfir vonbrigðum með tillögu starfshóps um stofnun Vestfjarðarstofu. Undirritaður telur tillögur aðför að starfsemi Atvest og til þess fallnar að leggja niður starfsemi félagsins.

Stjórn Atvest hefur ekki fengið ráðrúm til þess að bregðast við breyttu umhverfi vegna þeirra tillaga sem hafa verið að velkjast um hjá stærstu eigendum Atvest frá því í júlí í sumar, nú eru þær tillögur komnar og liggja fyrir til kynningar

Verði niðurstaðan sú að fara að tillögu starfshópsins og stærstu eigenda félagsins, fer undirritaður þess á leit að öðrum hluthöfum en þeim sem standi að tillögunni verði tryggð uppkaup að því hlutafé sem þeir lögðu í Atvest á sínum tíma, samið verði um geni bréfanna.

Óðinn Gestsson

Að umræðum loknum sleit fundarstjóri fundi kl. 14:27. Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð og senda á stjórn og hluthafa í félaginu.

Fundarstjóri

Fundaritar